



**145. fundur var haldinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ fimmtudaginn 21. febrúar 2008 kl. 16:15 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.**

**Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson, Sigríður Jónsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Friðrik Einarsson, Jón Gestur Viggósson 1. varamaður, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.**

**Forföll boðuðu Lárus Blöndal varaforseti, Krístrún Heimisdóttir ritari, Örn Andrésson, Helga H. Magnúsdóttir og Oddný Árnadóttir 2. varamaður.**

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

### **1. Lífshlaupið**

Jóna H. Bjarnadóttir sviðstjóri Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ kom á fundinn og kynnti fyrir framkvæmdastjórn nýtt fræðslu- og hvatningarverkefni, Lífshlaupið. Samstarfsaðilar ÍSÍ í Lífshlaupinu eru menntamálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, Skýrr, Rás2 og Ávaxtabíllinn. Verkefnið er afsprengi vinnuhóps sem skipaður var af menntamálaráðuneytinu til að fara yfir íþróttastefnu Íslands.

Verkefninu verður hleypt af stokkunum 4. mars nk. og er markmið þess að koma sem flestum landsmönnum til að hreyfa sig í takt við hreyfiráðleggingar Lýðheilsustöðvar. Átakinu er beint að einstaklingum, skólum og vinnustöðum og hægt er að vinna til brons-silfur- og gullverðlauna fyrir ástundun.

Forseti þakkaði Jónu fyrir kynninguna og hún vék af fundi.

### **2. Fyrirmyndardeild ÍSÍ – körfuknattleiksdeild Tindastóls**

Samþykkt að veita körfuknattleiksdeild Tindastóls viðurkenninguna Fyrirmyndardeild ÍSÍ. Forseti mun afhenda viðurkenninguna á ársþingi UMSS 29. febrúar nk. en þingið er í umsjá Tindastóls að þessu sinni.

### **3. Ferðasjóður ÍSÍ**

Helga Steinunn Guðmundsdóttir formaður vinnuhóps um úthlutun úr ferðasjóði íþróttahreyfingarinnar skýrði frá niðurstöðum nefndarinnar um forsendur úthlutunar fyrir árið 2007.

Framkvæmdastjórn samþykkti tillögur nefndarinnar.

### **4. Ríkisstyrkur til sérsambanda**

Gjaldkeri kynnti tillögur að skiptingu ríkisstyrks til sérsambanda ÍSÍ. Að þessu sinni voru 60 m.kr. til skiptanna þannig að veruleg hækkun er á styrknum til hvers og eins frá fyrra ári. Nokkrar umræður urðu um málið.

Tillögurnar samþykktar.

## 5. Fjárhagsáætlun ÍSÍ

Gjaldkeri kynnti niðurstöðu rekstrar fyrir árið 2007. Rekstur ÍSÍ er í góðu jafnvægi. Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2008. Tillagan var samþykkt.

## 6. Samningur við Flugfélag Íslands

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að búið væri að undirrita samning við Flugfélag Íslands um afsláttarfargjöld innanlands fyrir árið 2008. Lítilsháttar hækkun er á fargjöldum á milli ára en nokkrar viðbætur fengust í samninginn sem munu nýtast ÍSÍ á samningstímabilinu.

## 7. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram og samþykktar:

- a. 144.fundur framkvæmdastjórnar
- b. Framkvæmdaráð 2. og 3. fundur
- c. Fundur SÍÓ 8. janúar 2008
- d. Fundur Fræðsluviðs 16. janúar 2008
- e. Fundur Almenningsþróttasviðs 31. janúar 2008
- f. Fundur Afrekssviðs 4. febrúar 2008

**Rætt um erindi SSÍ vegna lágmarka fyrir sundkeppni á ÓL. Tillaga Afrekssviðs um málið samþykkt.**

- g. Fundur Laganefndar ÍSÍ 29. janúar 2008

**Samþykkt með breytingum á 3. tölulið.**

- h. Fundur Heilbrigðisráðs 14. febrúar 2008
- i. Fundur Fjármálaráðs frá 18. febrúar 2008

## 8. Þing og fundir

Lagt fram yfirlit um næstu þing og fundi og ákveðið hverjir munu sækja atburðina fyrir hönd ÍSÍ.

Næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verður boðaður síðar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:30.

Halla Kjartansdóttir fundarritari